

Nd.

259. Frumvarp til laga

[138. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971.

Flm.: Magnús Kjartansson, Bjarnfríður Leósdóttir.

1. gr.

78. gr. laga nr. 67/1971 með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 96/1971, orðist svo:
Nú verður breyting á vikukaupi í almennri verkamannavinnu, og skal ráðherra þá innan mánaðar breyta upphæðum bóta samkvæmt lögum þessum og greiðslum samkvæmt 73. gr. í samræmi við það. Upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 19. gr., skulu einnig breytast ársfjórðungslega í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar. Fjölskyldubætur eru undanþegnar þessu ákvæði, en um breytingu þeirra bóta fer eftir ákvörðun Alþingis hverju sinni.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1975.

Greinargerð.

Í gildandi lögum um almannatryggingar er svo fyrir mælt að ráðherra skuli innan sex mánaða ákveða breytingar á greiðslu samkvæmt lögnum í samræmi við breytingar á vikukaupi í almennri verkamannavinnu. Í tíð fyrrverandi ríkisstjórnar var þessi breyting ævinlega ákveðin innan mánaðar, og er hér lagt til að sú framkvæmt verði lögfest. Fyrir því eru engin rök að viðskiptavinir almannatrygginga verði að bíða í allt að því hálfu ári eftir því að greiðslur til þeirra hækki í samræmi við þær breytingar sem verða á almennum vinnumarkaði.

Í annan stað er hér lagt til að greiðslur samkvæmt 19. gr. laganna — svonefnd tekjutrygging — breytist ársfjórðungslega í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar, jafnvel þótt annar háttur kunni að vera á hafður um almennar kaupgreiðslur.

Haldið er því fyrra ákvæði að fjölskyldubætur verði undanþegnar þessum reglum, þar sem þær bætur hafa fyrst og fremst verið notaðar af stjórnarvöldum sem hagstjórnartæki, en ekki í samræmi við tryggingarsjónarmið. Hins vegar er hér lagt til að Alþingi fjalli um slíkar breytingar, þar sem um hagstjórnarmál er að ræða, en samkvæmt gildandi lögum er það vald í höndum ríkisstjórnar hverju sinni, og hafa þær bætur oft verið lækkaðar að geðþótta fjármálaráðherra.

Lagt er til að lög þessi taki gildi 1. júní n. k., en þá falla niður ákvæði gildandi bráðabirgðalaga um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga og verðlagsmál. Í öðru frumvarpi leggja flutningsmenn til að þeim bráðabirgðalögum verði breytt þannig að tekjutrygging aldraðs fólks og öryrkja hækki í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. október 1974.